



STAÐA BARNA Á ÍSLANDI:
Ný tölfræði um þróun ofbeldis
gegn börnum á Íslandi

Mai 2019

Þetta hefti er tileinkað ungum dreng, fólkinu sem stóð með honum
og öllum börnunum sem eru þolendur ofbeldis á Íslandi

Inngangur

Ein helsta ógn sem steðjar að börnum á Íslandi er ofbeldi. Þetta kemur skýrt fram í nýrri tölfræði um ofbeldi gegn börnum sem unnin var fyrir UNICEF á Íslandi af *Rannsókn og greiningu* og *Stígamótum*. Tölfræðin dregur upp mynd af þróun ofbeldis gegn börnum hér á landi og afleiðingum þess síðastliðinn áratug.

Í skýrslunni *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir* sem kom út 2013 kallaði UNICEF á Íslandi eftir markvissum aðgerðum stjórnvalda til að stemma stigu við ofbeldi gegn börnum. Þó margt hafi breyst til betri vegar á síðustu árum vantar enn mikið upp á.

Til að hægt sé að stemma stigu við ofbeldinu verða stjórnvöld (ríki og sveitarfélög) að fylgjast með hversu mörg börn á Íslandi verða fyrir ofbeldi; tölur um tilkynningar til barnaverndar eru bara toppurinn á ísjakanum. Í reglulegum skólakönnunum Rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknir & greining eru 14 – 18 ára gömul börn á Íslandi spurð hvort þau hafi orðið fyrir kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi. Ríki og sveitarfélög þurfa að kalla eftir þessum tölum og tryggja markvissar rannsóknir á umfangi og eðli vandans samhliða forvörnum og fræðslu fyrir alla hópa samfélagsins. **Tölfræðin er til, en nýta þarf hana til að tryggja markvissar aðgerðir til að stemma stigu við ofbeldi gegn börnum.**

Með markvissri greiningu og nýtingu á tölfræði um ofbeldi gegn börnum er hægt að stilla fram úrræðum, forvörnum og fræðslu sem miðar að því að draga fram í dagsljósið öll mál barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi, koma í veg fyrir að ofbeldi eigi sér stað og veita brotapolum, gerendum og fjölskyldum þeirra nauðsynlega hjálp og stuðning.

Fjöldi barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu og/eða líkamlegu ofbeldi

Samkvæmt tölum sem Rannsókn & greining vann fyrir UNICEF árið 2019¹ hafa tæplega 1 af hverjum 5 börnum á Íslandi (16,4%) orðið fyrir líkamlegu² og/eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn (Rannsókn og greining, 2019). Hér er ekki meðtalin vanræksla, andlegt ofbeldi, rafrænt ofbeldi eða einelti, en þá væri talan mun hærri.

¹ Tölfræðigögnunum var safnað 2018. Þegar kemur að börnum á aldrinum 16-18 ára var úrtakið 5719 einstaklingar í framhaldsskólum víða á landinu. Fyrir börn í 8. – 10. bekk var úrtakið 10.593 einstaklingar í grunnskólum út um allt land.

² Í skilgreiningu UNICEF á líkamlegu ofbeldi felst bæði að barn hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila á heimili sínu og að það hafi orðið vitni af líkamlegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila á heimili sínu. Rannsóknir hafa sýnt fram á að afleiðingar þess fyrir barn að verða vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu eru jafn alvarlegar og að verða fyrir því með beinum hætti. Heimildir: Broberg, A., o.þ., Stöð till barn som bevitnat våld mot mamma – resultat från en nationell utvärdering, Psykologiska institutionen, Göteborgs universitet, 2011. Rädda barnen, Detta borde alla veta om barnmisshandel, Stockholm, 2006. Hindberg, B., Barnmisshandel, Rädda Barnen. Borås, 1997.

Tafla 1 – Hlutfall barna í 8.-10. bekk og 16-18 ára sem svara spurningum um ofbeldi játandi í könnun Rannsóknar & greiningar 2018.

Spurningar:	8.-10.bekkur	16-18 ára
Pú orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi/misnotkun af hálfu einstaklings sem er ekki fullorðinn	3,8%	9,4%
Pú orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi /áreitni af hálfu fullorðins einstaklings	2,5%	4,8%
Pú orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimilinu þar sem fullorðinn átti hlut að máli	4,4%	7,6%
Pú lent í líkamlegu ofbeldi á heimilinu þar sem fullorðinn átti hlut að máli	3,3%	6,3%
Hlutfall barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi (svara að minnsta kosti einni af ofangreindum spurningum játandi)	9,1%	16,4%

Þegar tafla 1 er skoðuð sést að í 8. – 10. bekk hafa að meðaltali 9,1% barna þegar orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Sú tala hækkar hratt þegar komið er á framhaldsskólaaldurinn og er þá orðin 16,4%. Þetta er nauðsynlegt að skoða betur með því að rannsaka sérstaklega birtingarmyndir og eðli ofbeldis á framhaldsskólaárunum.

Heimilisofbeldi/líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi

Hér landi búa fjölmörg börn við heimilisofbeldi eða líkamlegt ofbeldi á heimilum sínum. Ýmist verða börn vitni að ofbeldinu eða verða fyrir því sjálf. Afleiðingarnar af því að barn verði fyrir heimilisofbeldi eru gífurlegar og hafa rannsóknir sýnt fram á að það skipti ekki máli hvort barnið verði vitni af ofbeldinu eða verði fyrir því sjálft, afleiðingarnar eru jafnslæmar².

Meðfylgjandi tölfræði varpar ekki nægilega skýru ljósi á fjölda barna sem búa við heimilisofbeldi á Íslandi. Mikið vantar upp á rannsóknir á umfangi vandans.

Í skólakönnun Rannsókna & greiningar (sem sjá má í töflu 2 hér að neðan) eru börn spurð út í upplifun sína af líkamlegu ofbeldi á heimili sínu og nær rannsóknin því ekki til annarra þátta heimilisofbeldis, s.s. andlegs ofbeldis.


Börn sem hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu þar sem fullorðinn átti í hlut

Samkvæmt tölum Rannsókna & greiningar frá 2018 hafa um 6% drengja og 5% stúlkna orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu. Það er tæplega 2% aukning fyrir drengi frá 2012 en hlutfallið minnkar örlítið fyrir stúlkur.

Tafla 2

Börn í 9.-10. bekk sem hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu þar sem fullorðinn átti í hlut	2006	2009	2012	2018
Drengir	5,4%	6,0%	4,2%	6,0%
Stúlkur	7,3%	7,3%	5,7%	5,0%

Mynd 1




Börn sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu þar sem fullorðinn átti í hlut

Samkvæmt gagnasafni Rannsóknar & greiningar höfðu um 6% drengja verið beittir líkamlegu ofbeldi af fullorðnum aðila innan heimilis síns árið 2018. Um 4% stúlkna á sama aldursskeiði höfðu orðið fyrir sömu lífsreynslu. Frá síðustu mælingu sem UNICEF hefur samanburð við frá 2012 hefur því orðið 2% aukning fyrir drengi en hlutfallið minnkað örlítið fyrir stúlkur.

Tafla 3

Börn í 9.-10. bekk sem hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili sínu þar sem fullorðinn átti í hlut	2006	2009	2012	2018
Drengir	4,10%	5,30%	4,10%	6,00%
Stúlkur	6,10%	6,30%	4,70%	4,00%

Mynd 2



Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum á Íslandi

Tíðni kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum

Lítið er vitað um umfang kynferðislegs ofbeldis gegn börnum á Íslandi. Líkt og kom fram í skýrslum UNICEF frá 2011 og 2013 hafa fáar stórar rannsóknir verið framkvæmdir. Auk þess hafa rannsóknirnar beinst að mismunandi þýði og því er erfitt að bera þær saman.


Börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins einstaklings

Á tímabilinu 2012-2018 stendur fjöldi stúlkna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila í stað og er 4%. **Árið 2013 sögðust 1,6% drengja hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila, en sú tala rúmlega tvöfaldast 2018 og mælist 4%.** Samkvæmt því er hlutfall drengja og stúlkna í 9.-10. bekk sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins það sama árið 2018.

Tafla 4

Börn í 9-10. bekk sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu fullorðins aðila	2006	2009	2012	2018
Drengir	2,2%	2,6%	1,6%	4,0%
Stúlkur	6,5%	4,6%	4,0%	4,0%

Mynd 3



Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir drengi vekja þær upp margar spurningar sem erfitt er að svara. Hefur tíðni þess að drengir séu misnotaðir af hálfu fullorðinna aðila aukist meira en tvöfalt á síðustu sex árum, eða hafa samfélagslegir fordómar í kringum kynferðislega misnotkun karlmannna minnkað og gert þeim auðveldara fyrir að opna sig í spurningakönnunum? Mikilvægt er að skoða þessar niðurstöður í samhengi við það hlutfall drengja sem skilar sér inn í réttarvörslukerfið sem brotapolar, en vísbendingar eru um að hlutfall drengja sé mun lægra en hlutfall stúlkna.


Börn sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu einstaklings sem er ekki fullorðinn

Á síðustu sex árum hefur orðið töluverð aukning á fjölda barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra. Hjá drengjum tvöfaldaðist hlutfallið og mælist 4% árið 2018. Umtalsverð aukning mælist einnig hjá stúlkum, en árið 2012 sögðust 5,1% þeirra hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu jafnaldra. Sama hlutfall mælist 8% fyrir stúlkur árið 2018.

Tafla 5

Börn í 9.-10. bekk sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi af hálfu einstaklings sem ekki er fullorðinn	2012	2018
Drengir	2,1%	4,0%
Stúlkur	5,1%	8,0%

Mynd 4



Afleiðingar þess að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn

Stígamót¹ tóku saman gögn fyrir UNICEF á Íslandi um einstaklinga sem leituðu til samtakanna í fyrsta sinn á árunum 2016-2018 og höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Flestir umræddra einstaklinga voru á aldrinum 18-39 ára (tæp 70%) en ofbeldið hófst hins vegar hjá þestum þeirra (eða 95%) þegar þeir voru á aldrinum 5-17 ára.

6a) Aldur er aðstoðar er leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	25	3,2%
18 - 29 ára	406	52,7%
30 - 39 ára	131	17,0%
40 - 49 ára	101	13,1%
50 - 59 ára	65	8,4%
60 ára og eldri	34	4,4%
Upplýsingar vantar	8	1,0%
Alls	770	100%

6b) Aldur er ofbeldi var fyrst framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	38	4,9%
5 - 10 ára	316	41,0%
11 - 17 ára	416	54,0%
Alls	770	100%


¹ Skýrslan sem Stígamót tóku saman fyrir UNICEF var unnin af Önnu Þóru Kristinsdóttur sálfræðingi/starfsskonu Stígamóta. Skýrslan kallast: *Upplýsingar um einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2016 til 2018 og höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.*

Tilfinningavandi og erfiðleikar í félagslegum samskiptum

Á meðfylgjandi mynd koma fram þær afleiðingar sem oftast voru nefndar af þeim einstaklingum sem komu í fyrsta skipti í viðtal til Stígamóta á árunum 2016 til 2018. Þar er gerð grein fyrir afleiðingum kynferðisofbeldis hjá þeim sem beittir voru kynferðisofbeldi í fyrsta skipti fyrir 18 ára aldur og hinsvegar hjá þeim sem beittir voru kynferðisofbeldi í fyrsta skipti eftir 18 ára aldur.

Hlutfallið í myndunum miðast við heildarfjölda þeirra einstaklinga sem urðu fyrir kynferðisofbeldi á þessum tveimur aldurskeiðum. Þá byggist fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar lágu fyrir bæði um aldur brotþola þegar hann var fyrst beittur kynferðisofbeldi og þær afleiðingar sem kynferðisofbeldi hefur haft á hann.

Mynd 5




Eins og sést á myndinni er töluverður munur milli hópanna og ýmsar neikvæðar afleiðingar ofbeldis eru marktækt algengari ef ofbeldið átti sér stað í barnæsku.

Marktækur munur er milli hópanna er kemur að því að hafa lélega sjálfsmynd, finna fyrir tilfinningalegum doða, eiga í erfiðleikum með að mynda tengsl við maka/vini, upplifa erfiðleika í félagslegum samskiptum almennt eða einangrun, finna fyrir sjálfsvígshugsunum, stunda sjálfsköðun, vera með hegðunarerfiðleika, átröskun, finna fyrir líkamlegum verkjum og sýna af sér óæskilega kynferðislega hegðun.

Neysla eða athafnir sem skerða lífsgæði

Einstaklingar sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi í æsku, fremur en á fullorðinsaldri, eru mun líklegri til að hafa leiðst út í neyslu, óhóflega notkun áfengis, kynlífs eða annarra athafna sem skerða lífsgæði þeirra og trufla daglegt líf, líkt og sést á meðfylgjandi mynd.

Mynd 6. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir aldri brotþola þegar ofbeldinu var beitt.



Skoðað var hvort marktækur munur væri á neyslu eða athöfnum sem væru afleiðingar kynferðisofbeldis og skertu lífsgæði/trufluðu daglegt líf þeirra sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi í fyrsta skipti í barnæsku og hjá þeim sem höfðu verið beitt ofbeldinu í fyrsta skipti þegar þau voru orðin fullorðin. Marktækur munur reyndist milli hópanna þegar kom að neyslu áfengis, fíkniefna, matar, kynlífs og fjárhættuspila/tölvuleikja.


Sjálfsvígstilraunir

Þegar hóparnir tveir (einstaklingar sem urðu fyrir kynferðisofbeldi í fyrsta sinn fyrir 18 ára aldur og eftir 18 ára aldur) eru bornir saman með tilliti til sjálfsmorðstilrauna kemur mikill munur fram á milli hópanna. Einstaklingur sem verður fyrst fyrir kynferðislegu ofbeldi sem barn er tvisvar sinnum líklegri til að hafa reynt að svipta sig lífi en fullorðinn einstaklingur. Tæpur þriðjungur þeirra sem urðu fyrir ofbeldinu sem barn sögðust hafa reynt að svipta sig lífi á móti 15,4% þeirra sem urðu fyrir ofbeldi sem fullorðnir einstaklingar.

Tafla 7. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir aldri brotþola þegar ofbeldinu var beitt

	17 ára og yngri	18 ára og eldri		
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	514	70,4	237	84,6
Já	216	29,6	43	15,4
Fjöldi einstaklinga	730		280	

Mynd 7. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir aldri brotþola þegar ofbeldinu var beitt



Samantekt

Frá því UNICEF gaf út skýrsluna Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir (2013) hefur ekki verið gerð heildstæð samantekt á tiltækum tölfræðigögnum um tíðni og umfang ofbeldis gagnvart börnum á Íslandi. Gögnum er þó safnað annað hvert ár í skólakönnun Rannsókna og greiningar. Nauðsynlegt er að stjórnvöld nýti þessi gögn svo að hægt sé að róa öllum árum að því að koma í veg fyrir að börn verði fyrir ofbeldi.

16,4% barna á Íslandi verða fyrir kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi, það eru um 13.000 börn. Tölfræðigögnin í ofangreindu gagnasafni eru lykillinn að markvissum forvörnum og fræðslu. Þau gefa vísbendingar um hvar skóinn kreppir að, hvar brýnast er að stjórnvöld grípi til aðgerða.

6% drengja og 5% stúlkna hafa orðið vitni að líkamlegu ofbeldi á heimili sínu þar sem fullorðinn átti í hlut. Þar er um að ræða 2% aukningu á meðal drengja á milli 2012-2018 en tíðnin á meðal stúlkna minnkar um 0,7%. Samkvæmt gögnum Rannsókna og greiningar hafa um 6% drengja og 4% stúlkna verið beitt líkamlegu ofbeldi af fullorðnum aðila innan heimilisins árið 2018. Þar er um að ræða 1,9% aukningu á meðal drengja en 0,7% minni tíðni ofbeldis gegn stúlkum, samanborið við árið 2012.

Á síðustu sex árum hefur orðið meiri en tvöföldun í tíðni þess að drengir greini frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila. Sú tíðni fyrir hefur lækkað fyrir stúlkur síðustu ár og mætast kynin nú, 4% drengja og stúlkna í 8.-10. bekk segja hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins aðila. Það sem vekur forvitni er hins vegar mikil aukning meðal drengjanna, sem vekur upp spurningar. Eru drengir í íslensku samfélagi að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi að meira marki en áður eða er skömmin sem hefur einkennt kynferðislega misnotkun drengja að minnka. Eiga drengir nú auðveldara með að viðurkenna að hafa orðið fyrir ofbeldi í skólakönnunum? Það kallar á aðra spurningu sem er ósvarað, hvers vegna skila drengirnir okkar sér ekki að sama skapi og stúlkurnar inn í þau úrræði sem til eru fyrir brotþola, líkt og vísbendingar gefa til kynna.

Önnur alvarleg þróun sem hefur átt sér stað á síðustu sex árum er aukning í tíðni ofbeldis þar sem barn brýtur kynferðislega gegn öðru barni. En þar hefur orðið tvöföldun í tíðni þess að drengir segist hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun af hálfu jafnaldra, úr 2,1% upp í 4%. Tölurnar fyrir stúlkur eru enn ógvænlegri en árið 2012 höfðu 5,1% þeirra orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu annars barns, en sú tala hafði hækkað upp í 8% 2018. Þessi þróun kallar á að við skoðum umhverfi barnanna okkar og mögulegar ástæður þess að aukning sem þessi eigi sér stað. Margar mögulegar ástæður geta legið þar að baki og vert er að huga hvort klámvæðing leiki þar stórt hlutverk. Hér er nauðsynlegt að rannsaka betur hvað liggur að baki, til að tryggja að hægt sé að bjóða upp á forvarna- og fræðsluefni sem nýtist ólíkum aldursstigum sem og faghópum sem koma að málefnum barna með einum eða öðrum hætti.

Tölfræðigögn sem safnað var hjá skjólstæðingum Stígamóta mála einnig skýra mynd af afleiðingum þess að verða fyrir kynferðisofbeldi sem barn. Þar sést að áhrifin af því að verða fyrir kynferðisofbeldi sem barn eru margföld á við fullorðna. Marktækur munur er á milli hópanna með tilliti til þess að glíma við lélega sjálfsmynd, tilfinningalegandoða, eigaerfiðtengslviðmakaogvini, eigaerfiðleikum í öðrum félagslegum samskiptum, einangra sig, glíma við sjálfsvígshugleiðingar, stunda sjálfssköðun, eiga við hegðunarvanda að stríða, glíma við átröskun og líkamlega verki. Einstaklingar sem voru beittir kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur voru einnig tvisvar sinnum líklegri til að hafa gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs borið saman við þá sem beittir voru kynferðisofbeldi í fyrsta skipti þegar þeir voru 18 ára eða eldri.

Ljóst er að ofbeldi gegn börnum á Íslandi er ein stærsta ógn sem steðjar að börnum hér á landi. Með því að horfast í augu við vandann, og nýta ofangreinda tölfræði til markvissra aðgerða getum við sem samfélag lokið feluleiknum og tryggt öllum börnum vernd fyrir ofbeldi og þá æsku sem þau eiga skilið.